

**REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 2600/97****frá 19. desember 1997****um breytingu á reglugerð (EB) nr. 3094/95 um aðstoð til skipasmíða(\*)****RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum c-lið 3. mgr. 92. gr., 94. og 113. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(1)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samningur á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) milli Evrópubandalagsins og tiltekinnna þriðju ríkja um að virða eðlileg samkeppnisskilyrði í skipasmíða- og skipavíðgerðaiðnaði <sup>(2)</sup> hefur enn ekki öðlast gildi.

Af þeim sökum hefur reglugerð ráðsins (EB) nr. 3094/95 frá 22. desember 1995 um aðstoð til skipasmíða <sup>(3)</sup> enn ekki öðlast gildi.

Í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 3094/95 gilda viðeigandi ákvæði tilskipunar ráðsins 90/684/EBE frá 21. desember 1990 um aðstoð til skipasmíða <sup>(4)</sup> áfram til bráðabirgða uns OECD-samningurinn öðlast gildi, þó eigi lengur en til 31. desember 1997.

Með tilliti til áframhaldandi óvissu um gildistöku OECD-samningsins, sem kann að dragast enn frekar fram yfir 31. desember 1997, ber nauðsyn til að ráðið geri viðeigandi ráðstafanir þar til ákvarðanir hafa verið teknar um hugsanlegar nýjar ráðstafanir varðandi aðstoð til skipasmíða.

Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 3094/95.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.**

Eftirfarandi komi í stað þriðju málsgreinar 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 3094/95.

„Þangað til téður samningur öðlast gildi skulu viðeigandi ákvæði tilskipunar 90/684/EBE gilda, þó eigi lengur en til 31. desember 1998.“

**2. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 1997.

Fyrir hönd ráðsins,

**F. BODEN**

forseti.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttö. EB nr. L 351, 23. 12. 1997, bls. 18, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/98 frá 6. mars 1998 um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Álit var skilað 17. desember 1997 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

(2) Stjttö. EB C 375, 30. 12. 1994, bls. 3.

(3) Stjttö. EB L 332, 31. 12. 1995, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1904/96 (OJ L 251, 3. 10. 1996, bls. 5).

(4) Stjttö. EB L 380, 31. 12. 1990, bls. 27.